



Minnisblað

Efni: Innborgun á eigendalán frá Orkuveitu Reykjavíkur

Viðtakandi: Borgarstjóri

Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Orkuveita Reykjavíkur (OR) sendi tilkynningu um innborgun á höfuðstól víkjandi láns til Reykjavíkurborgar þann 24. nóvember sl.

OR vísar til lánasamnings, dags. 13. apríl 2011 sem breytt var með viðauka þann dags.. 8. mars 2013, um víkjandi lán til fyrirtækisins frá eigendum þess, Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað og Borgarbyggð.

Í tilkynningunni kemur fram að OR hafi afráðið í samvinnu við fjármála- og áhættustýringarsvið (FÁST), með vísan til þriðja kafla lánasamningsins og 6. gr. skuldabréfsins, að greiða upp skuldabréfið gagnvart Reykjavíkurborg með eftirfarandi hætti:

1.janúar 2021 kr. 1.101.969.556

1.febrúar 2021 kr. 1.101.969.556

1.mars 2021 kr. 1.101.969.556

Samkvæmt framangreindu samráði fellur Reykjavíkurborg frá áskilnaði um þriggja mánaða fyrirvara hvað greiðslur varðar, sbr. 1. mgr., 6. gr. í framangreindu skuldabréfi.

Umrætt skuldabréf er síðan 2013, verðtryggt til 15 ára og með 3,05% föstum vöxtum. Skuldabréfið er afborgunarlaust fyrstu 5 árin og með jöfnun afborgunum á 3ja mánaða fresti eftir það. Eftirstöðvar skuldabréfanna eftir hefðbundna afborgun þann 1. október sl. er 2.829 m.kr.

Skv. 6. gr. skuldabréfsins er lántaka heimilt að greiða upp lánið hvenær sem er á samningstímanum með skriflegri tilkynningu með að minnsta kosti 3ja mánaða fyrirvara. Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ákveðið að falla frá þessum fyrirvara.

Vextir hafa lækkað mikið frá því að lánið var veitt til OR, þá sérstaklega á þessu ári eftir að Covid-19 faraldursins fór að gæta. OR getur því fjármagnað sig á markaði mun ódýrar en áður eða með ávöxtunarkröfu í kringum 1,4%. Þetta þýðir u.þ.b. vaxtasparnað hjá OR upp á um 160 m.kr.

Þetta þýðir einnig að Reykjavíkurborg verður af þessum vöxtum af þessu fjármagni en Reykjavíkurborg er gert að greiða 22% fjármagnstekjuskatt af öllum vöxtum og verðbótum og því er virkir vextir borgarinnar af þessari lánveitingu ekki 3,05% heldur einungis um 2,4% auk þess sem einnig þarf að greiða fjármagnstekjuskatt af verðbótum og því ávöxtun jafnvel undir 2% (ef gert er ráð fyrir 2,5% verðbólgu á tímabilinu).



Reykjavíkurborg hefur verið að fá mun betri ávöxtun af verðbréfasafni sínu en af þessu eigendaláni til OR. Auk þess er ljóst að staða handbærs fjár verður mun lægri á næstu misserum vegna lægri tekna og aukinna útgjalda vegna Covid-19 faraldursins. Uppgreiðsla OR á eigendaláninu dregur því úr nauðsyn skammtíma fjármögnunar hjá Reykjavíkurborg.

Í ljósi þess að fjárþörf borgarsjóðs á komandi mánuðum er umtalsverð á sama tíma og vöxtur tekna er lítill þá mælir fjármála- og áhættustýringarsvið með því að ekki verði gerð athugasemd við tilkynningu OR um uppgreiðslu á skuldabréfinu og að fallið verði frá 3ja mánaða fyrirvara á tilkynningunni.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*